

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1890.

- Tilskipun* um að alþjóðlegum sjóferðareglum skuli fylgt á íslenskum skipum, undirskrifuð af konungi 26. sept. 1890 (A. nr. 31, bls. 120—139).
- Auglýsing* um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendinga-verkfæra, er við hafa skal á íslenskum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 26. sept. 1890 (A. nr. 32, bls. 140—151), með fylgiskjali (uppdráttum) (bls. 152—155).
- Auglýsing* um samning, sem konungsríkið Danmörk og konungsríkið Spánn hafa gjört sín á milli um framsal sakamanna, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 30. sept. 1890 (A. nr. 33, bls. 156—167).
- Auglýsing* um staðfestingu á samningi, sem gjörður var í Haag 1. febr. 1889 um breytingu á 8. gr. í samningi þeim, er gjörður var í greindum bæ 6. maí 1882 um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í Norðursjónum, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 30. sept. 1890 (A. nr. 34, bls. 168—171).
- Auglýsing* um samning milli Danmerkur og Ítalíu um afhendingu dánarvottorða, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 30. sept. 1890 (A. nr. 35, bls. 172—173).
- Auglýsing* um austurlenzka bólusótt í höfnum á Sýrlandi og bólu í Lissabon og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands o. fl., gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. nóv. 1890 (A. nr. 36, bls. 174—175).

## Leiðarvísir

173

*fyrir skipskráningarstjóra um framkvæmd starfa þeirra, sem farmannalög 22. marz 1890 leggja þeim á herðar.*

## I.

*Um framkvæmd starfa þeirra, sem ræðir um í lögskráningarbálki.*

## 1. gr.

Bæjarfógetar og sýslumenn eru skipskráningarstjórar hver í sínu lögsagnarumdæmi.

## 2. gr.

Lögskráning farmanna er tvenn: lögskráning til skiprúms og lögskráning úr skiprúmi.

## 3. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslensku skipi á að láta skipskráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms:

- 1, í hvert skipti sem hann ræður nýja menn á skip sitt hjer á landi, hvort heldur alla skipshöfn eða að eins einn mann eða fleiri;
- 2, í fyrsta skipti á almanaksárinu, sem skip hans byrjar ferð frá einhverri höfn hjer á landi, eða það er fermt hjer eða affermt, þó að engin breyting hafi á skipshöfn orðið, meðan skipið dvaldi hjer;
- 3, þegar hann hefur ráðið nýja menn á skip sitt einn eða fleiri, meðan skipið var í förum erlendis, eða hann hefur misst nokkurn mann af skipshöfn sinni, er látizt hefur, leystur verið úr vist, strokið eða á annan hátt af skipi farið, og skal lögskráningin þá fram fara, þá er skipstjóri fær afgreiðslu frá hinni fyrstu höfn hjer-  
8. dag desembermán. 1890.

173

lendis, þar sem hann hafði fermt skip sitt eða affermt, eptir að hann kom hingað til lands.

## 4. gr.

Sjerhver skipstjóri á íslenzku skipi á í hvert skipti sem hann leysir skipshöfn sína úr vist hjer á landi, hvort heldur alla skipshöfn eða einn mann eða fleiri, að láta skipskráningarstjóra lögskrá menn þá úr skiprúmi, er frá honum fara.

## 5. gr.

Þegar skipstjóri á að láta lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi, skal það gjöra skipskráningarstjórinn í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið þá liggur, en sje skráningarstjórinn þar eigi búsettur eða þar í nánd, þá gjörir það umboðsmaður hans, sá er amtmaður hefur skipað samkvæmt opnu brjefi 28. desember 1836 9. gr.

## 6. gr.

Þá er menn eru lökskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, á skipskráningarstjóri að láta skipstjóra sýna sjer viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki.

## 7. gr.

Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms, á skráningarstjóri jafnframt að sjá um, að skipstjóri leggi fram 2 samhljóða skrár yfir skipshöfnina (skipshafnarskrár), samdar eptir sniði því, sem fyrirskipað er í 15. gr. 4 hjer á eptir. Öðru eintaki skrárinnar heldur skráningarstjóri, en á hitt ritar hann vottorð sitt (13. og 21. gr.) og skilar skipstjóra því aptur. Nú hefur skipstjóri áður á því almanaksári látið hjerlendan skráningarstjóra lögskrá skipshöfn sína til skiprúms, en þarf nú að láta lögskrá einn mann eða fleiri til skiprúms, en þó eigi skipshöfn alla, og er þá rjett, að hann leggi fram skipshafnarskrá þá, er hann hefur þangað til notað, en þá skulu á hana skráðir þeir menn, er hann bætir nýjum við, eða þá ritaðir á aukaskrá, og skal hennar þá getið á hinni eldri skrá.

Hvenær sem maður er lögskráður úr skiprúmi, á skráningarstjóri að láta sýna sjer skipshafnarskrána.

Þá er skipstjóri beiðist þess, er skráningarstjóri skyldur að láta honum í tje skipshafnarskrár og aukaskrár og að rita á þær það, er með þarf, og eins að rita nýráðna menn á eldri skrár, allt gegn gjaldi því, sem ákveðið er í 18. gr. hjer á eptir.

## 8. gr.

Hafi skipstjóri ráðið nýja menn á skip, á skráningarstjóri að láta skipstjóra koma með þá sjálfa, þá er þeir eru lögskráðir til skiprúms. Endranær á skráningarstjóri venjulega ekki að heimta, að menn þeir, sem skráðir eru til skiprúms, sjeu látnir ganga fyrir hann, nema svo sje, að hann hafi grun um, að einhver breyting hafi orðið á skipshöfn þeirri, sem rituð er á skipshafnarskrána, án þess að skráin beri það með sjer eða að skipstjóri skýri honum frá því, því þá er honum heimilt að krefjast þess, að einn eða fleiri af skipverjum eða þeir allir sjeu látnir ganga fyrir hann svo að hann geti rannsakað málið ýtarlega; en valdi því sem honum er veitt í þessu efni á hann þó að beita með varfærni.

## 9. gr.

Sjerhver skipstjóri á útlendu skipi, er ræður mann á skip eða sleppir manni úr skipsvist, meðan skipið liggur á höfn hjer við land, skal að öllum jafnaði láta skráningarstjóra lögskrá menn sína til skiprúms eða úr skiprúmi eptir því sem sagt

er fyrir í 5.—8. gr. hjer að framan. Þó er skipstjóra heimilt, ef hann kys það heldur og skipverjar þeir, sem hann ræður eða lætur úr vist fara, eru ekki íslenzkir menn, þá að láta verzlunarræðismann þjóðar sinnar ef nokkur slíkur er til á þeim stað, rita breytingu þá, sem á er orðin, á skipshafnarskrána, og skal hann þá að því búnu sýna skráningarstjóra hana eða eptirrit af henni, staðfest af ræðismanni. Skráningarstjóri ritar síðan á skrána eða eptirritið, að hún sje sýnd sjer, og að því búnu skilar hann skipstjóra henni aptur, og má eigi afgreiða skjöl skipsins fyr en þessu er fullnægt.

## 10. gr.

Þegar skráningarstjóri skal lögskrá menn til skiprúms eða úr skiprúmi og skipshafnarskráin — og aukaskrá ef svo ber undir (7. gr.) — hefur verið lögð fram fyrir hann ásamt viðskiptabókum skipverja og öðrum skilríkjum, á hann að rannsaka, hvort skráin er rjett og fullkomin, með því að bera hana saman við hin skjölin og með því að spyrja skipverja, ef þess gjörist þörf eptir atvikum (8. gr.). Verði hann þess þá vísari, að eitthvað sje rangt í skránni, eða eitthvað vanti í hana, á hann ekki að ljúka lögskráningunni fyr en það er leidrjett.

## 11. gr.

Þá er menn eru lögskráðir til skiprúms eða úr skiprúmi, á skráningarstjóri enn fremur að rannsaka, hvort skipstjóri hafi í nokkru brotið fyrirmæli lögskráningarbálks farmannalaga, og reynist svo vera, á hann að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að skipstjóri verði látinn sæta ábyrgð fyrir brot sitt. Sje það umboðsmaður sýslumanns (5. gr.) sem verður þess var við lögskráning, að slíkt brot sje framíð, á hann tafarlaust að skýra sýslumanni frá því.

Beri svo til að skipstjóri, sem á að sýna skipshafnarskrá sína við lögskráning, skýri frá að skráin sje týnd, á skráningarstjóri að leggja fyrir hann, ef skipið á að halda áfram ferðum sínum, að útvega nýja skipshafnarskrá, og á hann síðan að rannsaka á þann hátt sem áður segir, hvort hún er rjett. En eigi skipið að hætta förum, skal skráningarstjóri láta skipstjóra og skipverja skýra frá, hvað staðið hafi í skipshafnarskrá þeirri, er týnd er, og rannsaka síðan hvort framburður þeirra er rjettur, með því að bera hann saman við viðskiptabækur skipverja og önnur skilríki, sem fram eru lögð fyrir hann. Þyki skráningarstjóra líkur vera til, að skipstjóri hafi skotið skipshafnarskránni undan til að leyna því, að hann í einhverju hafi brotið fyrirmæli lögskráningarbálks, skal svo með fara, sem segir í fyrri kafla greinar þessarar.

## 12. gr.

Við lögskráningu til skiprúms skal skráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð sje því til fyrirstöðu, að menn þeir, er á skránni standa, megi í förum vera með skipinu (opið brjef 27. maí 1859 sbr. lög 21. september 1883), og reynist svo, skal hann neita að lögskrá þá til skiprúms.

## 13. gr.

Þá er lögskráningarstjóri lögskráir menn til skiprúms og hann er genginn úr skugga um, að skipshafnarskrár þær, sem fram fyrir hann eru lagðar, eru rjettar og fullkomnar, ritar hann á það samritið, sem hann skilar skipstjóra aptur, vottorð sitt um, að skipshöfnin sje lögskráð til skiprúms og getur þess jafnframt, hvort ferð skipsins er heitið.

Þá er skráningarstjóri lögskráir menn úr skiprúmi, ritar hann á skipshafnar-

173 skrá þá, er skipstjóri leggur fram fyrir hann, vottorð sitt um, að menn þeir, er úr skipsvist fara, sjeu lögskráðir úr skiprúmi, og að því búnu skilar hann skipstjóra skránni aptur.

Fyrir lögskráningarnar og rannsókn og áritun skipshafnarskráanna greiðist engin borgun.

14. gr.

I hvert skipti sem skráningarstjóri eða umboðsmaður hans lögskráir menn til skiprúms eða úr skiprúmi, á skráningarstjóri að geta þess í embættisdagbók sinni; en gjörðina sjálfa ritar hann í nótarialbókina.

II.

*Um framkvæmd starfa þeirra, er ræðir um í vistráðabálki.*

15. gr.

Í hvert sinn er skráningarstjóri lögskráir menn til skiprúms á íslenzku skipi, ber honum að gæta þess, er hjer segir:

1, að skipstjóri hafi fengið hverjum þeim manni, sem hann hefur ráðið á skip með sjer, eina af viðskiptabókum þeim, sem gefnar verða út eptir ráðstöfun landshöfðingja, hvort sem skipverjinn er innlendur eða útlendur, hvort sem hann er ráðinn til nýrrar ferðar eða ferðin er áður hafin, og hvort sem hann er ráðinn sem stýrimaður eða háseti eða sem matsveinn, iðnaðarmaður, vjelastjóri, kyndari, bryti eða borðsveinn, eða til hvers annars starfa, sem er í þarfir skipsins.

Nú verður eigi hlje á förum skipsins og engin breyting á gjörðum samningi, en sjómaður verður lögskráður á skipið á ný, og þarf skipstjóri þá ekki, ef sjómaður er því samþykkur, að leggja til nýja viðskiptabók, meðan hin gamla endist til.

2, að viðskiptabókin greini:

a, um ferð þá eða farleið, sem sjómaðurinn er til ráðinn, ljóst og skilmerkilega;

b, fullt nafn sjómansins;

c, aldur hans;

d, fæðingarstað hans;

e, stöðu hans á skipinu og vistarkjör;

f, kaup það, sem honum er heitið, annaðhvort fyrir ferðina eða um mánuðinn;

g, hvort kaupið skuli goldið í peningum eða í öðrum eyri;

h, hve mikið honum er greitt fyrirfram af kaupiuu.

Sje kaup ákveðið fyrir alla ferðina með tiltekinni upphæð í peningum eða öðrum gjaldeyri, þá

i, hve lengi á er ætlað að ferðin muni standa, og

k, hve hátt mánaðarkaup megi algengt telja á þeim stað og tíma, er samningurinn er gjörður.

3, að skipstjóri hafi ritað nafn sitt undir það, sem skráð er í viðskiptabókina samkvæmt næsta tölulið hjer á undan, til sönnunar því, að það sje rjett hermt.

4, að skipshafnarskráin sje samin samkvæmt sniði því, sem hjer fer á eptir sem fylgiskjal A, að allir dálkar hennar sje rjett fylltir út og að bæði skipverjar og skipstjóri hafi skrifað nöfn sín undir hana. Af skipshafnarskránni skal gjöra 2 samrit,

og heldur skipstjóri því samritinu, sem skipverjar rita nöfn sín undir, en skráningarstjóri geymir hitt samritið.

## 16. gr.

Verði skráningarstjóri var við ósamkvæmni milli viðskiptabókarinnar og skipshafnarskrárinnar eða sjerstaks skriflegs samnings, er gjörður kann að hafa verið við skipverja um vistráðin, á hann að leitast við að fá ósamkvæmni þessa leiðrjetta, áður en skipverjar eru lögskráðir til skiprúms. Þyki skráningarstjóra tilefni til að hafa á móti samningi þeim, er gjörður hefur verið um vistráðin, t. a. m. vegna þess að sjómaðurinn hafi undirgengizt einhverjar skuldbindingar, sem honum eru í óhag eða af öðrum ástæðum, skal hann reyna að fá því breytt, áður en skipverjar eru lögskráðir til skiprúms. Takist það ekki, og sjeu skipstjóri og hinn vistráðni sjómaður á eitt sáttir og samningurinn ekki í bága við lög, á hann að eins að rita í viðskiptabókina athugasemd um, hvað honum hafi þótt athugavert, og skírskota til þess í skipshafnarskránni.

Þegar ferð skips er heitið til útlanda, á skráningarstjóri að láta skipstjóra og skipshöfnina játa fyrir sjer samninginn eins og hann er ritaður í viðskiptabók og á skipshafnarskrá, áður en hann lögskráir skipshöfnina til skiprúms.

## 17. gr.

Skyldur er skráningarstjóri að fylla út fyrir skipstjóra bönd viðskiptabækur og skipshafnarskrár, og ef skipstjóri vill gjöra sjerstakan skriflegan samning við skipshöfn sína um vistráðin, er skráningarstjóri einnig skyldur, ef skipstjóri beiðist þess, að búa samninginn til. Til leiðbeiningar við tilbúning slíks samnings fer hjer á eptir sýnishorn sem fylgiskjal B.

## 18. gr.

Fyrir störf þau, er ræðir um í 17. gr. skal greiða gjöld þau, er hjer segir.

1. fyrir að fylla út viðskiptabók 20 aura, en viðskiptabókin sjálf skal látin úti fyrir 15 aura.
2. fyrir að fylla út skipshafnarskrá 30 aura fyrir fyrsta manninn og 15 aura fyrir hvern hinna. Skipshafnarskráin skal látin úti fyrir 5 aura.

Þegar ekki þarf að semja nýja skipshafnarskrá, þó að nokkrir af skipshöfninni sjeu nýráðnir, heldur eru þeir menn, sem bætt er nýjum við, skráðir annaðhvort á skipshafnarskrá þá, er þangað til hefur verið notuð, eða á aukaskrá (7. gr.) skal greiða skráningarstjóra, ef honum er falið að framkvæma þessi störf, 15 aura fyrir hvern mann.

3. fyrir að búa til sjerstakan skriflegan samning um vistráðin, greiðist:
  - a, þegar skipið fer að eins hafna á milli innanlands eða á fiskiveiðar 1 kr.,
  - b, þegar ferð skipsins er heitið til útlanda 2 kr.

Sá skipstjóri, sem hefur þegar greitt gjald það, sem hjer er sagt, þarf ekki að bæta við það, þó hann, áður en hann leggur á stað, ráði einstakan mann í viðbót eða í skiptum. Komi hann á aðra innlenda höfn til að ráða nýja menn í skiptum eða viðbót, greiði hann að eins helming gjaldsins, ef hann ræður ekki helming skipshafnarinnar nýjan.

## 19. gr.

Í hvert sinn er skráningarstjóri lögskráir menn úr skiprúmi á íslenskum skip-

173 um, á hann ókeypis að gæta þess, að fyrirmælunum í leiðarvísi þessum um viðskiptabækur og skipshafnarskrár hafi verið fylgt. Ef skipstjóri eða einhver af skipshöfninni fyrir sitt leyti óskar þess, er skráningarstjóri þar að auki skyldur að gjöra upp viðskiptareikninginn milli skipstjóra og þess eða þeirra af skipshöfninni, sem hafa óskað þess fyrir sitt leyti. Fyrir þetta greiðist fyrir hverja viðskiptabók, sem upp er gjörð, 15 a., ef kaup það, sem fyrir er unnið, nemur alls 200 kr. eða minna, en 30 a., ef kaupið nemur meira en 200 kr. Gjaldið greiðir sá eða þeir, sem starfsins beiðast.

20. gr.

Nú verður skipstjóri og einhver af skipverjum ekki á eitt sáttir, er reikningar skulu upp gjörðir, eða og skráningarstjóra þykir tilefni til að hafa á móti því, hvernig viðskiptareikningurinn hefur verið gjörður upp, og skal hann þá reyna að jafna ágreininginn með fortölum, en takist það ekki, skal hann leiðbeina þeim, er honum þykir á hallað, um það, hvernig hann skuli að fara til að ná rjetti sínum.

Þegar reikningar eru gjörðir upp og skipstjóri álitur sjer heimilt að halda einhverju eptir af kaupinu, en skipverjar mótmæla því, er skráningarstjóri skyldur að taka á móti fje því, sem hann kynni að vera þedinn að geyma í þessu skyni, þangað til ágreiningurinn um það er útkljáður.

21. gr.

Í hvert sinn er skipshöfn er lögskráð til skiprúms eða úr skiprúmi, er skráningarstjóri skyldur til að rita ókeypis í viðskiptabækurnar og á skipshafnarskrána athugasemd um, að hann hafi gætt skyldu þeirrar, sem á honum hvílir eptir 17. gr. í vistráðabálki farmannalaga og sem nákvæmar er tiltekin í leiðarvísi þessum, og geta þess jafnframt, hvort hann í því efni hafi fundið nokkuð athugasvert.

Borgunina fyrir viðskiptabækur og fyrir að fylla þær út, fyrir skipshafnarskrár og fyrir að fylla þær út, fyrir að búa til sjerstakan skriflegan samning um vistráðin og fyrir að gjöra upp viðskiptareikning á skráningarstjóri að rita á hvert skjal um sig með tölum og bókstöfum og rita nafn sitt undir.

22. gr.

Hafi skipstjóri meðan á ferðinni stóð neytt valds þess, sem honum er veitt í 36. gr. í skipsagabálki optnefndra farmannalaga til að sekta einhvern af skipshöfninni fyrir yfirsjónir þær, sem taldar eru í tjeðri lagagrein, skal skráningarstjóri, þá er reikningar eru upp gjörðir, halda sektum þessum eptir af kaupi farmannsins, en þó skal fyrst fullnægt kröfum skipstjóra, þeim er af ferðinni eru til komnar. Ejeð skal skráningarstjóri því næst senda til sjóðs þess, er það á í að renna.

23. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar eiga að rita gjöld þau, er þeim eru greidd sem skipskráningarstjórum samkvæmt leiðarvísi þessum, í aukatekjubækur sínar á venjulegan hátt. Þegar umboðsmaður sýslumanns lögskráir menn til skiprúms eða úr skiprúmi fyrir hönd sýslumanns (5. gr.), á hann svo fljótt sem því verður við komið að senda sýslumanni nákvæma skýrslu um lögskráninguna og um gjöld þau, sem honum hafa greiðzt í því skyni. Áminnt gjöld renna til þess skráningarstjóra eða umboðsmanns hans, er framkvæmt hefur starf það, sem gjaldið er greitt fyrir, en borgunin fyrir viðskiptabækur og skipshafnarskrár rennur í landssjóð.

## 24. gr.

Skipskráningarstjórar eru skyldir til að hafa jafnan nægilegan forða hjá sjer og umboðsmönnum sínum af viðskiptabókum þeim og skipshafnarskrám, sem gefnar verða út að tilhlutun landshöfðingja. Bækur þessar og skrár verða sendar þeim, þegar þeir fara þess brjeflega á leit við landshöfðingja. Á borguninni fyrir viðskiptabækurnar og skipshafnarskrárnar, sem þeir eiga að láta úti: viðskiptabækurnar fyrir 15 auro og skipshafnarskrárnar fyrir 5 auro hverja, eiga þeir að standa skil á sama hátt og á öðrum aukatekjum, sem þeir innheimta, og ber þeim að láta fylgja aukatekjureikningnum skýrslu um, hve margar ónotaðar viðskiptabækur og skipshafnarskrár eru hjá þeim og umboðsmönnum þeirra í hver árslok.

Reykjavík, 15. nóvembermán. 1890.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Magnús Stephensen.

*Hannes Hafstein*

173

174

8. nóv.

Brjef landshöfðingja til biskups, um galla á kjörskrár við prestkosningar. — Með því að jeg hef veitt því eptirtekt, að við hinar nýafstöðnu prestkosningar í Suðurdalapingum og Hvammsprestakalli, báðum í Dalaprófastsdæmi, hafa nokkrir lausamenn og vinnumenn verið teknir upp á kjörskrár, og sumir greitt atkvæði, þá vil jeg, jafnvel þótt það hafi ekki haft nein áhrif á úrslit kosninganna í þessum tilfellum, þjónustusamlega skora á yður að brýna fyrir hlutadeigandi prófasti, að slíkt sje með öllu ólöglegt, með því að einungis búsettir menn hafa kosningarrjett samkvæmt lögum 8. jan. 1886, 3. gr. sbr. landshbr. 24. jan. 1889, Stjtið. 1889, B. nr. 8, bls. 6.

175

10. nóv.

Brjef landshöfðingja til landfógetans, um útborgun á eptirlaunaviðbótum. — Til þess að eptirlit verði haft með því, að gætt sje þeirra fyrirmæla í 3. lið 8. greinar í tilsk. 31. maí 1855, er lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851 um eptirlaun, að eptirlaunviðbót ekkna skuli því að eins haldast, að kringumstæður þær, sem hún er byggð á, eigi sjer framvegis stað, skal jeg hjer með, eptir undirlagi ráðgjafans fyrir Ísland, þjónustusamlega skora á yður, herra landfógeti, að heimta framvegis af hlutadeigandi ekkjum nægileg vottorð einu sinni á ári, þ. e. við síðustu útborgun eptirlaunaviðbótarinnar á almanaksári hverju, um það að kringumstæður þær, sem viðbótin er byggð á, eigi sjer enn stað, og komi slík vottorð ekki fram, verður að halda eptir viðbótinni þar til er skilríki koma.

## Auglýsing

fyrir sjófarendur.

Til leiðbeiningar fyrir sjófarendur verður frá 1. d. marzmánaður 1891 tendr- að ljóskeri á Skipaskaga á Akranesi, að tilhlutun hlutadeigandi hreppsnefndar. Ljóskerið stendur á Teigakotslóð, sem liggur á 64° 18' 45" norðl. br. og 34° 43' 30" lengdar vestur frá Kaupmannahöfn, 46 fet fyrir ofan sjáfarmál, og verður ljóskerið

176

22. nóv.